



Reykjavík, 30. júní 2026
MSS26060179

Borgarráð

Umsögn vegna tímabundins áfengisveitingaleyfis í tilefni útsendingar 16 liða úrslita í HM í fótbolta, 6. júlí 2026, The English Pub, Austurstræti 12

Borist hefur umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29. júní 2026 um tímabundið leyfi til lengri veitingatíma áfengis eða til kl. 02:30, aðfaranótt mánudagsins 6. júlí nk. vegna veitingastaðarins The English Pub, Austurstræti 12 vegna beinnar sjónvarpsútsendingar á 16 liða úrslitum á HM í fótbolta.

Í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 kemur fram í 17. gr. að sækja þarf um leyfi til sölu og/eða afhendingar áfengisveitinga við einstök tækifæri í atvinnuskyni hvort sem um beina sölu veitinganna er að ræða eða hvers kyns afhendingu þeirra, svo sem í kynningarskyni, á sýningum eða sem lið í hvers konar samkomu- og/eða ráðstefnuhaldi, hvort sem er innan dyra, undir berum himni eða í tjaldi. Slík leyfi verða eingöngu gefin út þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi en þó almennt ekki oftár en tólf sinnum ár hvert vegna sama staðar. Tímabundið leyfi samkvæmt ákvæði þessu verður ekki gefið út til veitingar og/eða sölu áfengisveitinga á stað sem hefur fengið útgefið rekstrarleyfi heldur fara allar áfengisveitingar á slíkum stöðum fram á grundvelli rekstrarleyfisins og á ábyrgð leyfishafa. Rekstrarleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi samkvæmt ákvæði þessu sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga.

Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir:

Útgáfa tækifærisleyfa skal taka mið af almennum viðmiðum aðalskipulagsins. Þó er hægt að víkja frá viðmiðum að undangengnu mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á grenndarhrifum. Í því mati verði m.a. horft til gerðar húsnæðis og staðsetningar, hljóðvistar, nálægðar við íbúðarbyggð, opnunartíma veitingastaða í grenndinni og umfangs veitingahaldsins.

Opnunartími frá kl. 00:00 til kl. 02:30 aðfaranótt mánudags samræmist ekki viðmiðum á svæðinu en þar sem um stakan viðburð er að ræða, viðburðurinn verður haldinn innandyra og ekki inni í hreinni íbúðarbyggð er ekki talið að veiting tækifærisleyfis til áfengisveitinga og lengri opnunartíma muni hafa verulegt ónæði í för með sér.

Því eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis til áfengisveitinga og lengri opnunartíma fyrir veitingastaðinn The English Pub frá kl. 00:00 til kl. 02:30 þann 6. júlí 2026, samræmist það mati Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs sem byggist á landnotkunarákvæðum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er óheimilt að veita áfengi lengur en til kl. 01:00, nema aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga. Veitingastaðurinn er staðsettur í miðborg, á svæði þar sem gilda rýmri miðborgarheimildir og má heimila veitingatíma áfengis til 04:30, aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Umsóknin samræmist ekki þeim ákvæðum þar sem sótt er um veitingatíma áfengis til kl. 02:30 aðfaranótt mánudags. Í 2. mgr. 17. gr. laga um



veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er rekstrarleyfishafa þó heimilað að sækja um leyfi sem viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem vegna tímabundins viðbótarafgreiðslutíma áfengisveitinga. Verður talið að sá viðburður sem hér er um rætt geti fallið að þeirri heimild, sérstaklega þar sem um er að ræða veitingastað á svæði þar sem gilda rúmar miðborgarheimildir.

Í ljósi ofangreinds er lagt til að borgarráð samþykki að veita jákvæða umsögn um tímabundið áfengisleyfi með vísan til 2. mgr. 17. gr. l. nr. 85/2007, til kl. 02:30 til English Pub aðfaranótt mánudagsins 6. júlí nk. Jákvæð umsögn borgarráðs er háð því að aðrar lögbundnar umsagnir séu einnig jákvæðar.

Eiríkur Búi Halldórsson
skrifstofa borgarstjórnar